

Tilmæli 32/2024
Tillaga A 1960/UHN
Afgreiðsla Norræna sjálfbærnefndin

Nefndarálit um svar við tilmælum 32/2024 um stuðning við smábýli í landbúnaði (A 1960/UHN)

Norræna sjálfbærnefndin leggur til að Norðurlandaráð taki svar við tilmælum 32/2024 um stuðning við smábýli í landbúnaði til greina og álíti *afgreiðslu þeirra lokið* af hálfu ráðsins.

Bakgrunnur

Tilmælin eru svohljóðandi:

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

- að vinna með virkum hætti að því að styðja við þróun smábýla í landbúnaði,
- að útbúa hvetjandi bækling með úrræðum sem geta stutt við þróun smábýla í landbúnaði.

Svar Norrænu ráðherranefndarinnar

Norræna ráðherranefndin um fiskveiðar og lagareldi, landbúnað, matvæli og skógrækt (MR-FJLS) fagnar tilmælum 32/24 og lítur það jákvæðum augum að Norðurlandaráð hvetji til aukinna aðgerða varðandi smábýli í landbúnaði sem oft geta haft jákvæð áhrif með tilliti til náttúru og líffræðilegrar fjölbreytni.

Í nefndarálitinu kemur fram að smábýli geti átt þátt í að skapa og varðveita störf á svæðum þar sem annars væru fá atvinnutækifæri.

Einnig vill Norræna ráðherranefndin um fiskveiðar og lagareldi, landbúnað, matvæli og skógrækt vekja athygli nefndarinnar á stefnuyfirlitinu „[farm diversification among young entrepreneurs in Nordic and Baltic Region](#)“. Vinnan er hluti af lífhagkerfisáætlun ráðherranefndarinnar (í tengslum við Framtíðarsýn okkar 2030).

Tilgangur stefnuyfirlitsins er að auka skilning stjórnvalda á mikilvægi fjölbreytileika í landbúnaði ásamt því að vekja athygli á verkefnum og áskorunum ungra frumkvöðla á landsbyggðinni.



Í stefnuyfirlitinu kemur fram að smábýlum hafi fækkað mjög alls staðar í ESB. Þessa þróun má einnig sjá á Norðurlöndum. Þessu til skýringar er meðal annars bent á landbúnaðarstefnu ESB, CAP, sem sögð er hygla stórbýlum með sérhæfingu og hagræðingaraðgerðum.

Önnur mikilvæg ástæða sem er nefnd er sú að meðalaldur bænda fer hækkandi. Það skýrist af lítilli nýliðun á meðal ungs fólks. Ójafnt kynjahlutfall bætir svo enn gráu ofan á svart en einungis 14 prósent bænda á Norðurlöndum eru konur.

Stefnuyfirlitið inniheldur fern almenn tilmæli sem ganga út á

1. að fjölga fjármögnunarleiðum,
2. að auka fræðslu um tækifærin sem felast í vinnu í lífhagkerfinu,
3. að greiða fyrir þekkingarmiðlun og efla hópkennd,
4. að rannsaka hvernig draga megí úr reglum sem hamla fjölbreytileika í starfsemi.

Norræna ráðherranefndin um fiskveiðar og lagareldi, landbúnað, matvæli og skógrækt hefur óskað eftir því að stefnuyfirlitið verði sent til Norrænu sjálfbærniefndarinnar og lítur svo á að stefnuyfirlitið sé gott dæmi um hvetjandi bækling með úrræðum sem geta stutt við þróun smábýla í landbúnaði.

Ráðherranefndin er sammála athugasemd nefndarinnar um að smábýli geti átt þátt í að skapa og varðveita störf á landsbyggðinni.

Í ljósi þessa hefur ráðherranefndin hafið nokkur verkefni sem ætlað er að fá fleira ungt fólk til starfa á landsbyggðinni.

Eitt þessar verkefna er „Youth in Nordic Food Systems“ sem NordRegio heldur utan um fyrir EK-FJLS. Tilgangur verkefnisins er að takast á við minnkandi áhuga ungs fólks á því að starfa á sviði landbúnaðar, dýraræktar, fiskveiða og skógræktar, auk tengdra sviða svo sem frumvinnslu, fódurvinnslu og veiða á Norðurlöndum öllum.

Reiknað er með útgáfu á skýrslu og stefnuyfirliti í tengslum við verkefni ð sumarið 2025. Nánar hér: [Young Nordic Food Producers – Growing Food\(ies\) | Nordregio](#).

Að lokum vill Norræna ráðherranefndin um fiskveiðar og lagareldi, landbúnað, matvæli og skógrækt benda Norrænu sjálfbærniefndinni á störf NordGen þar sem smærri býli geta aflað sér upplýsinga um plöntur, húsdýr og tré og hafa beinan aðgang að plöntuerfðaauðlindum, bæði gömlum og nýjum.



Að mati ráðherranefndarinnar styður starfsemi NordGen með beinum hætti við þróun smábýla og stuðlar að líffræðilegri fjölbreytni og sjálfbærni á Norðurlöndum.

Ráðherranefndin þakkar Norrænu sjálfbærnefndinni fyrir tilmælin og þann góða pólitíska ásetning sem í þeim felst.

Norræna ráðherranefndin telur hér með að orðið hafi verið við tilmælunum.

Sjónarmið nefndarinnar

Norræna sjálfbærnefndin þakkar Norrænu ráðherranefndinni ýtarlegt svar hennar við tilmælum 32/2024 um stuðning við smábýli í landbúnaði. Nefndin kann að meta að Norræna ráðherranefndin tekur undir skoðun hennar um smábýli geti skapað og varðveitt störf á landsbyggðinni. Þá er ekki síður ánægjulegt að Norræna ráðherranefndin hefur ákveðið að ráðast í verkefni sem er ætlað að laða fleira ungt fólk til starfa í landbúnaði.

Nefndin fagnar stefnuyfirlitinu „[Farm diversification among young entrepreneurs in Nordic and Baltic Region](#)“ sem ætlað er að auka skilning stjórnvalda á mikilvægi fjölbreytileika í landbúnaði ásamt því að vekja athygli á verkefnum og áskorunum ungra frumkvöðla á landsbyggðinni.

Norræna sjálfbærnefndin er á sömu skoðun og Norræna ráðherranefndin um að norræna auðlindastofnunin NordGen stuðli að þróun smábýla í landbúnaði og styðji við líffjölbreytni og sjálfbærni á Norðurlöndum og væntir þess að Norræna ráðherranefndin veiti því góða starfi áframhaldandi stuðning og fjárhagslegan styrk.

Norræna sjálfbærnefndin leggur til að Norðurlandaráð færi svarið til bókar og líti svo á að tilmæli 32/2024 um stuðning við smábýli í landbúnaði séu endanlega afgreidd af hálfu ráðsins.

Helsingfors, 31. mars 2025

Tove Elise Madland (A)

Johan Andersson (S)

Karin Gaardsted (S)

Malte Larsen (S)

Mats Wiking (S)

André N. Skjelstad (V)

Emma Berginger (MP)

Krista Mikkonen (gröna)

Lene Westgaard-Halle (H)

Karsten Filisø (SF)

Juho Eerola (saf)

Staffan Eklöf (SD)

Himanshu Gulati (FrP)